

C 4/2017/kk

Afgreiðsla Eftirlitsnefndin

Nefndarálit eftirlitsnefndarinnar um
skýrslu Ríkisendurskoðunar um ársreikning Norðurlandaráðs

Tillaga

Eftirlitsnefndin leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

að færa til bókar reikninga og endurskoðunarskýrslu vegna Norðurlandaráðs

Forsaga

Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur farið yfir ársreikninga Norðurlandaráðs fyrir reikningsárið 2016.

Reikningsskilavenjur eru óbreyttar frá fyrra ári. Ársreikningar fyrir 2016 eru í samræmi við bókhaldsreglur Norðurlandaráðs. Ársreikningarnir sýna afgang sem nemur 2,8 milljónum danskra króna (m.d.kr.). Þar af ákvað forsætisnefndin haustið 2016 að verja 463 þúsundum danskra króna (þ.d.kr.) til sérstakra verkefna. Afgangur ársins nemur því 2.345 þ.d.kr.

Heildartekjur námu 36.572 þ.d.kr. miðað við 36.081 þ.d.kr. króna árið 2015. Þar af námu framlög landanna 33.660 þ.d.kr. og tekjur frá innra gjaldakerfi 2.912 þ.d.kr.

Heildarútgjöld námu 33.763 þ.d.kr. Þetta er hækkun um u.þ.b. 50 þ.d.kr. miðað við 2015. Útgjöld vegna túlkunar eru nokkuð stöðug, tæpar þrjár m.d.kr. á árinu 2016. Endurskoðun staðfestir að þetta er lækkun um 400 þ.d.kr. miðað við árið 2015.

Ríkisendurskoðun nefnir sérstaklega samstarfssamning milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar sem gilt hefur frá árinu 1997. Samningurinn fjallar um þjónustu varðandi launahald, upplýsingatækni og fjárreiður sem Norðurlandaráð kaupir af ráðherranefndinni. Samningurinn er uppfærður á hverju ári.

Endurskoðun nær einnig til skoðunar á styrkjaáætlun fyrir þingmenn frá grannsvæðunum, sem árið 2016 var fjármögnuð með framlagi af eigin fé áætlunarinnar. Halli ársins nam 0,2 m.d.kr.



Niðurstaða Ríkisendurskoðunar

Niðurstaða ríkisendurskoðunar er sú að ársreikningur Norðurlandaráðs gefi rétta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu Norðurlandaráðs 31. desember 2016.

Ennfremur kemur fram í skýrslunni að til staðar séu verkferlar og innra eftirlit sem stuðla að því að þær ráðstafanir sem ársreikningurinn nær til eru í samræmi við lög og aðrar reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.

Sjónarmið eftirlitsnefndarinnar

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun Danmerkur telur að ársreikningur Norðurlandaráðs gefi rétta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu Norðurlandaráðs og að ekki komi fram verulegar athugasemdir varðandi ársreikninga Norðurlandaráðs 2016.

Reykjavík, 20. september 2017

Christian Poll (Alternatívet)

Eva Sonidsson (S)

Irene Johansen (A)

Jan Lindholm (MP), formaður

Liselott Blixt (DF)